

ÁKVÖRDUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR
nr. 256/2022

2023/EES/31/29

frá 23. september 2022

um breytingu á XI. viðauka (Rafræn fjarskipti, hljóð- og myndmiðlun og
upplýsingasamfélagið) við EES-samninginn

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR,

með vísan til samningsins um Evrópska efnahagssvæðið („EES-samningurinn“), einkum 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Fella ber inn í EES-samninginn framkvæmdarákvörðun framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2022/172 frá 7. febrúar 2022 um samhæfingu fjarskiptatíðnirófsins til notkunar fyrir skammdrægan búnað á tíðnisviðunum 874-876 og 915-921 Mhz ⁽¹⁾.
- 2) XI. viðauki við EES-samninginn í breytist því samræmi við það,

TEKIÐ EFTIRFARANDI ÁKVÖRDUN:

1. gr.

Eftirfarandi er bætt við lið 5czq (framkvæmdarákvörðun framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2018/1538) í XI. viðauka við EES-samninginn:

... breytt með:

- **32022 D 0172:** Framkvæmdarákvörðun framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2022/172 frá 7. febrúar 2022 (Stjtíð. ESB L 28, 9.2. 2022, bls. 21).“

2. gr.

Íslenskur og norskur texti framkvæmdarákvörðunar (ESB) 2022/172, sem verður birtur í *EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins*, telst fullgiltur.

3. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi 24. september 2022, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. EES-samningsins hafi farið fram (*).

4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

Gjört í Brussel 23. september 2022.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

Kristján Andri Stefánsson

formaður

⁽¹⁾ Stjtíð. ESB L 28, 9.2.2022, bls. 21.

(*) Engin stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.